1907 100 2007

LOGOS

LÖGMANNSÞJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

## *Frumvarp til breytinga á samkeppnislögum*

LOGOS
LÖGMANNSÞJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

- Tekið upp kærugjald kr. 200.000.
  - Gjaldið verður ekki endurgreitt þrátt fyrir að mál vinnist, því sé vísað frá eða vísað aftur til Samkeppniseftirlitsins.
  - Í Danmörku er gjaldið 5.000 DKK og heimilt að endurgreiða það að hluta eða í heild eftir úrslitum málsins.
- Tekið upp gjald vegna tilkynningar um samruna kr. 250.000.
  - Þekkist víða erlendis en í mismunandi útfærslum.
- Samkeppniseftirlitinu veitt heimild til þess að bera úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála undir dómstóla.
- Samkeppniseftirlitnu veitt heimild til þess að grípa til aðgerða vegna óæskilegra aðstæðna.
  - Veigamesta breytingin.

1907 100 2007

## Breytingar á 16. gr. samkeppnislaga

LOGOS
LÖGMANNSÞJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

- Samkvæmt frumvarpinu þá verður Samkeppniseftirlitinu heimilt að grípa til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða raskar samkeppni.
- Aðgerðir Samkeppniseftirlitsins geta falið í sér hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að efla samkeppni, stöðva brot eða bregðast við athöfnum opinberra aðila sem kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni.
- Samkeppniseftirlitið getur beitt nauðsynlegum úrræðum bæði til breytingar á atferli og skipulagi vegna þeirra atriða sem tilgreind er í 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga.

1907 100 2007

## Hvenær er heimildin virk?

LOGOS
LÖGMANNSÞJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

- Ef aðstæður á markaði eða háttsemi koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni þá má grípa til aðgerða.
- Flestir, ef ekki allir markaðir, hafa einhverskonar aðstæður eða einkenni sem takmarka eða raska samkeppni – markið ekki sett hátt.
- Enginn áskilnaður að um alvarlegar takmarkanir eða raskanir sé að ræða þótt það komi fram í frumvarpinu sjálfu.
  - Hefði verið eðlilegt í ljósi þess að brot á samkeppnislögum er ekki lengur áskilið til þess að grípa megi til aðgerða.

1907 100 2007

## *Hvað aðgerða má grípa til?*

LOGOS
LÖGMANNSÞJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

- Allar aðgerðir sem eru nauðsynlegar til þess að efla virka samkeppni.
  - Mjög víðtækt.
  - Meðal annars skipulags og atferlisbreytingar .
  - Aðeins heimilt að breyta skipulagi ef breytingar á atferli duga ekki eða eru meira íþyngjandi.
- Hversu langt má Samkeppniseftirlitið ganga?
  - Banna háttsemi eða fyrirskipa tiltekna háttsemi
  - Heimilar ákvæðið uppskiptingu á fyrirtækjum?
  - Skiptingu á einu fyrirtæki í tvö eða fleiri eða líka breyting á eignarhaldi?
- Ákvæðið setur engin takmörk
  - Samkeppniseftirlitið virðist mega gera allt það sem nauðsynlegt er til að efla samkeppni

1907 100 2007

## *Hvað aðgerða má grípa til?*

LOGOS
LÖGMANNSÞJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

- Ef Samkeppniseftirlitinu er heimilt að mæla fyrir um breytingu á skipulag hver borgar fyrir framkvæmdina?
  - Væntanlega fyrirtækið sem aðgerðin beinist gegn.
  - Aukinn kostnaður leiðir væntanlega til hærra verðs, einhver þarf að borga.

- Ef heimilt er að mæla fyrir um breytt eignarhald – hvað á að greiða fyrir hinn selda hlut?
  - Hver má kaupa hið nýja fyrirtæki?
  - Á ríkið að bæta “tjón” sem hlýst af því ef hlutur er seldur undir verðmæti ?
  - Hver er tjónþolinn, hluthafinn eða félagið sjálft

- Ekkert tekið á þessum atriðum í frumvarpinu sem þó hafa ekki litla þýðingu fyrir þann aðila sem aðgerð getur beinst gegn.

1907 100 2007

***Hversu langt er hægt að ganga í framsali valds?***

LOGOS
LÖGMANNSÞJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

- Hefur Samkeppniseftirlitið algerlega frjálsar hendur við framkvæmdina?
  - Stjórnarskráin og stjórnsýslulög setja valdinu ákveðin mörk
- Samkeppniseftirlitnu er sannanlega veittar mjög víðtækar heimildir til hlutast til um eignarréttindi og atvinnuréttindi
- Er gengið of langt í framsali valds?

1907 100 2007

***Dómur Hæstaréttar í máli nr. 15/2000. Stjörnugrís hf. gegn íslenska ríkinu***

LOGOS
LÖGMANNSÞJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

- Í 6. gr. laga nr. 63/1993 var umhverfisráðherra fengið vald til þess að ákveða, að fengnu áliti skipulagsstjóra, að tilteknar framkvæmdir yrðu háðar mati samkvæmt lögunum, ef hann teldi þær kunna að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag.
- Heimild Samkeppniseftirlitsins er að ákveðnu marki sambærileg, grípa til nauðsynlegra aðgerða ef stofnunin telur aðstæður á markaði koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni.

1907 100 2007

## *Dómur Hæstaréttar í máli nr. 15/2000. Stjörnugrís hf. gegn íslenska ríkinu*

LOGOS
LÖGMANNSÞJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

Niðurstaða Hæstaréttar:

- "Í 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er kveðið á um friðhelgi eignarréttar og í 75. gr. hennar um atvinnufrelsi [...] Má hvorugt skerða nema með lagaboði að því tilskildu, að almenningsþörf krefji. **Þessi fyrirmæli stjórnarskrárinnar verða ekki túlkuð öðruvísi en svo, að hinum almenna löggjafa sé óheimilt að fela framkvæmdarvaldshöfum óhefta ákvörðun um þessi efni. Löggjöfin verður að mæla fyrir um meginreglur, þar sem fram komi takmörk og umfang þeirrar réttindaskerðingar, sem talin er nauðsynleg."**
- Umhverfisráðherra hefur því í raun fullt ákvörðunarvald um það, hvort tiltekin framkvæmd [...] skuli sæta mati á umhverfisáhrifum samkvæmt 6. gr., en slík ákvörðun getur haft í för með sér umtalsverða röskun á eignarráðum og atvinnufrelsi þess, er í hlut á. Svo víðtækt og óheft framsal löggjafans á valdi sínu til framkvæmdarvaldsins stríðir gegn framangreindum mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar **og er ólögmætt**

1907 100 2007

## *Stenst heimildin stjórnarskrá?*

LOGOS
LÖGMANNSÞJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

- Draga má í efa að hin nýja heimild standist stjórnarskrá þegar litið er til niðurstöðu Hæstaréttar í Stjörnugrísmálinu.
- Tjón eða kostnaður er nánast óhjákvæmileg afleiðing verði heimildinni beitt, a.m.k. þegar til skamms tíma er litið?
    - Hagnaður óljós og kemur ekki fram fyrr en síðar
- Lagaheimildin hefði þurft að vera skýrari um í hvaða tilvikum réttinda skerðing væri heimil

1907 100 2007

## *Hvert er tilefni breytinga?*

LOGOS
LÖGMANNSÞJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

- Er um að ræða nýja heimild?
- Í 17. gr. eldri samkeppnislaga nr. 8/1993 var að finna sambærilegt ákvæði:
  - "Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni."
- Var fellt úr samkeppnislögum sem voru sett árið 2005 m.a.
  - Til þess að koma í veg fyrir að Samkeppniseftirlitið hefði víðtækari heimildir til að krefjast skipulagsbreytinga en t.d. framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, Eftirlitsstofnun EFTA og norsk samkeppnisyfirvöld.
  - Einnig nefnt efasemdir um að ákvæðið stæðist stjórnarskrá, einkum eignarréttarákvæðið.

1907 100 2007

## *Hvert er tilefni breytinga?*

LOGOS
LÖGMANNSÞJÓNUSTA
SÍÐAN 1907

- Engar breytingar hafa verið gerðir á regluverki ESB
  - Ennþá áskilnaður um að brot hafi átt sér stað.
  - Hvað réttlætir víðtækari heimildir framkvæmdastjórnar EB núna sem gerðir það ekki árið 2005?
  - Efnahagsástandið? Er ástandið betra í Evrópu?

1907 100 2007

## Hvert er tilefni breytinga?

- Í Noregi er heimilt að grípa til aðgerða vegna samninga eða aðgerða sem fara í bága við markmið norsku samkeppnislaganna - segir ekkert um skipulagsbreytingar í því samhengi þótt heimilt sé að beita þeim ef um brot er að ræða.
- Í Bandaríkjunum er þetta úrræði þekkt lengi en brot á lögum er almennt skilyrði. Hefur ekki verið beitt í framkvæmd í nokkra áratugi.
  - Í máli gegn Microsoft voru færð rök fyrir því að uppskipting væri aðeins heimil ef staða fyrirtækis væri afleiðing af ólögmætri háttsemi.

1907 100 2007

## Framkvæmd

- Er raunverulega hægt að framkvæma breytingu á skipulagi nema með samstarfi við viðkomandi fyrirtæki?
- Í staðinn fyrir að Samkeppniseftirlitið rannsaki og taki ákvörðun um heimildina sjálft væri e.t.v eðlilegt að fela Samkeppniseftirlitinu eins hvers konar ákæruvald þar sem lagt væri fyrir óháðan aðila að meta hvort tilefni væri til þess að beita heimild til þess að breyta skipulagi eða atferli.
- Í öllu falli þarf heimildin að vera skýrari til þess að fyrirtæki geti með nægilegri vissu vitað hvenær það kæmi til skoðunar að beita heimildinni og hegðað sér í samræmi við það.

1907 100 2007

LOGOS

LÖGMANNSÞJÓNUSTA

síðan 1907